

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2016/EES/5/01		Dómur dómstólsins frá 1. febrúar 2016 í máli E-17/15 – Ferskar kjötvörur ehf. gegn íslenska ríkinu	1
2016/EES/5/02		Dómur dómstólsins frá 1. febrúar 2016 í máli E-20/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	1
2016/EES/5/03		Dómur dómstólsins frá 1. febrúar 2016 í máli E-21/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	2
2016/EES/5/04		Dómur dómstólsins frá 1. febrúar 2016 í máli E-22/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	3
2016/EES/5/05		Dómur dómstólsins frá 1. febrúar 2016 í máli E-23/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	3
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/5/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8283 – General Electric Company/LM Wind Power Holding)	5
2016/EES/5/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál M.8292 – Sumitomo Rubber Industries/Micheldever Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2016/EES/5/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8332 – Koch Industries/Golden Gate/Infor) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2016/EES/5/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8344 – Sumitomo Corporation/Fyffes plc) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

2016/EES/5/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8351 – Apollo Management/Lumileds Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2016/EES/5/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8132 – FMC Technologies/Technip)	10
2016/EES/5/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8211 – Marubeni/Toho Gas/Galp Energia/GGND)	10
2016/EES/5/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8233 – Rockaway E-Commerce/EC Investments/Bonak/Sully Systems)	11
2016/EES/5/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8234 – Enel/CDP/Equity/Cassa Depositi e Prestiti/Enel Open Fiber/Metroweb Italia)	11
2016/EES/5/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8275 – Sompo/Endurance)	12
2016/EES/5/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8319 – CEFCl/JSC Kazmunaigaz/Rompetrol France)	12
2016/EES/5/17	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. janúar 2017	13
2016/EES/5/18	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (<i>Auglýsing um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndum kolvatnsefnum, sem kennt er við „Courgenay“</i>)	13
2016/EES/5/19	Auglýst eftir tillögum – EACEA/41/2016 samkvæmt áætluninni Erasmus+ – Lykilaðgerð 3: Stuðningur við umbætur á stefnumálum – Framtaksverkefni um nýsköpun í stefnumótun – Evrópsk samstarfsverkefni sem horfa til framtíðar á sviði menntunar og þjálfunar	14

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/5/01

frá 1. febrúar 2016

í máli E-17/15

Ferskar kjötvörur ehf. gegn íslenska ríkinu

*(Lögsaga – 8. gr. EES-samningsins – Innflutningur á hráu kjöti – Tilskipun 89/662/EBE
– Samræming regluverksins fyrir dýraheilbrigðiseftirlit)*

Hinn 1. febrúar 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-17/15, Ferskar kjötvörur ehf. gegn íslenska ríkinu – BEIÐNI Héraðsdóms Reykjavíkur samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi gildissvið ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar innflutning á hráum kjötvörum til Íslands. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Gildissvið EES-samningsins, eins og það er skilgreint í 8. gr. samningsins, felur ekki í sér að EES-ríki setji að eigin vild reglur um innflutning á hráum kjötvörum, þar sem ákvörðunarfrelsi til þess kann að takmarkast af ákvæðum sem hafa verið tekin upp í viðauka við EES-samninginn.
2. Samrýmist það ekki ákvæðum tilskipunar 89/662/EBE að EES-ríki lögleiði reglur þar sem þess er krafist að innflytjandi hrárrar kjötvöru sækji um sérstakt leyfi áður en varan er flutt inn og að lagt sé fram vottorð sem staðfestir að kjötið hafi verið geymt frosið í tiltekinn tíma fram að tollafgreiðslu.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/5/02

frá 1. febrúar 2016

í máli E-20/15

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

*(EES-/EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2013/10/ESB
um breytingu á tilskipun 75/324/EBE varðandi úðabrusa)*

Hinn 1. febrúar 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-20/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1 í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. EES-samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem nauðsynleg eru til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1 í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. EES-samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem nauðsynleg eru til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt.
2. Íslandi er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/5/03

frá 1. febrúar 2016

í máli E-21/15

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

(EES-/EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2011/88/ESB um breytingu á tilskipun 97/68/EB að því er varðar ákvæði um hreyfla sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni)

Hinn 1. febrúar 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-21/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/88/ESB frá 16. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun 97/68/EB að því er varðar ákvæði um hreyfla sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. EES samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem nauðsynleg eru til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/88/ESB frá 16. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun 97/68/EB að því er varðar ákvæði um hreyfla sem settir eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og skv. 7. gr. EES samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem nauðsynleg eru til þess að taka gerðina upp í íslenskan rétt.
2. Íslandi er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/5/04****frá 1. febrúar 2016****í máli E-22/15****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein**

(EES-/EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2011/62/ESB – Tilskipun 2012/26/ESB)

Hinn 1. febrúar 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-22/15, EFTA-dómstóllinn gegn Furstadæminu Liechtenstein – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Liechtenstein hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðirnar sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglega aðfangakeðju og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í rétt Liechtenstein, vanefnt skuldbindingar sínar skv. 2. gr. hvernar gerðar og skv. 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Liechtenstein hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðirnar sem um getur í lið 15q, niunda og tíunda undirlið, í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglega aðfangakeðju og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í rétt Liechtenstein, vanefnt skuldbindingar sínar skv. 2. gr. hvernar gerðar og skv. 7. gr. EES-samningsins.
2. Furstadæminu Liechtenstein er gert að greiða málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/5/05****frá 1. febrúar 2016****í máli E-23/15****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein**

(EES-/EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Misbrestur á innleiðingu – Tilskipun 2010/53/ESB)

Hinn 1. febrúar 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-23/15, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Liechtenstein hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka 15. og 16. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 15zn í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu, sbr. leiðréttingar), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013 frá 8. október 2013, upp í rétt Liechtenstein, vanefnt skuldbindingar sínar skv. 31. gr. gerðarinnar og skv. 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður) og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Liechtenstein hafi, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka 15. og 16. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 15zn í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu, sbr. leiðréttingar), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í rétt Liechtenstein, vanefnt skuldbindingar sínar skv. 31. gr. þeirrar gerðar og skv. 7. gr. EES-samningsins.
2. Furstadæminu Liechtenstein er gert að greiða málskostnað.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8283 – General Electric Company/LM Wind Power Holding)

2017/EES/5/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í danska fyrirtækinu LM Wind Power Holding A/S („LM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: félag sem starfar víða um heim á sviði framleiðslu-, tækni- og þjónustustarfsemi og skiptist í ýmsar fyrirtækjaeiningar með eigin deildir. GE-fyrirtækjaeiningin GE Renewable Energy framleiðir og selur víða um heim vindhverfla til notkunar á landi og á sjó. Fyrirtækjaeiningin veitir einnig þjónustu í tengslum við vindhverfla, einkum í tengslum við sína eigin hverfla.
 - LM: félag sem starfar á sviði hönnunar, prófunar, framleiðslu og sölu á spöðum fyrir vindhverfla, bæði innan EES og víða um heim.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 18, 19.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8283 – General Electric Company/LM Wind Power Holding og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/5/07****(Mál M.8292 – Sumitomo Rubber Industries/Micheldever Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem japanska fyrirtækið Sumitomo Rubber Industries Limited („Sumitomo“) öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Micheldever Group Ltd („Micheldever“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sumitomo: vinnsla og framleiðsla hjólbarða og sala á hjólbörðum til frumframleiðenda og til heildsöluafgreiðslu. Sumitomo framleiðir einnig tilteknar íþrótta- og iðnaðarvörur.
 - Micheldever: heildsala og smásala á hjólbörðum. Micheldever býður einnig upp á bílaviðgerðir og þjónustu á smásölustigi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 16, 18.1.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8292 – Sumitomo Rubber Industries/Micheldever Group, og eftirfarandi póstarsíturn:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8332 – Koch Industries/Golden Gate/Infor)**

2017/EES/5/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Koch Industries, Inc („Koch Industries“) og Golden Gate Private Equity, Inc („Golden Gate“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr., í bandaríska fyrirtækinu Infor, Inc („Infor“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Koch Industries: bandarískt fyrirtæki í einkaeigu sem er eigandi fjölda fyrirtækja í ýmsum atvinnuvegum sem varða hreinsun, iðefni og lífrænt eldsneyti, skógarvörur og neytendavörur, áburð, fjölliður og ljósþræði, rafmagnsíhluti, stýribúnað og tækni vegna vinnslu og mengunarvarna, hrávöruviðskipti, jarðefni, orku, rekstur stórbýla og fjárfestingar.
 - Golden Gate: framtakssjóður staðsettur í San Francisco sem stýrir fjárfestingum að verðmæti u.þ.b. 15 milljarðar bandaríkjadala. Golden Gate var stofnaður árið 2000 og hefur helgað sig samstarfi við stjórnunarteymi vegna fjárfestinga í breytingasömum vaxtarfyrirtækjum. Umbjóðendur Golden Gate eiga sér langa sögu árangursríkra fjárfestinga ásamt stjórnendateymum í margvíslegum atvinnugreinum með ýmsum gerðum viðskipta, þ.m.t. skuldsettar yfirtökur, endurfjármögnun, eignalosun fyrirtækja og eignatilfærsla, sem og uppbygging.
 - Infor: seljandi hugbúnaðar fyrir auðlindarækt og tengda þjónustu um heim allan.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 16, 18.1.2017). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8332 – Koch Industries/Golden Gate/Infor og eftirfarandi póstarsíturn:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8344 – Sumitomo Corporation/Fyffes plc)

2017/EES/5/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation („Sumimoto“) öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í írsku fyrirtækinu Fyffes plc („Fyffes“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sumitomo: sala á stálvörum, flutningur og uppsetning kerfa, umhverfi og innviðir, efni og rafeindavörur, fjölmiðlar, net og lífstílstengdar vörur, jarðefnauðlindir og orka. Sumimoto annast einnig dreifingu á ferskum ávöxtum í gegnum dótturfyrirtæki sitt Sumifru.
 - Fyffes: innkaup, innflutningur og heildsala á ferskum ávöxtum og sveppum. Fyffes annast jafnframt þroskun fyrir þriðju aðila.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 16, 18.1.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8344 – Sumitomo Corporation/Fyffes plc og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8351 – Apollo Management/Lumileds Holding)

2017/EES/5/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Apollo Management, L.P. („Apollo“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Lumileds Holding B.V. („Lumileds“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Apollo: fjárfestir í óskráðum félögum.
 - Lumileds : framleiðir og selur víða um heim hefðbundnar díóður og ljósadíóður (LED).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 18, 19.1.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8351 – Apollo Management/Lumileds Holding og eftirfarandi póstarsítnum:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8132 – FMC Technologies/Technip)

2017/EES/5/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. nóvember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8132. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8211 – Marubeni/Toho Gas/Galp Energia/GGND)

2017/EES/5/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8211. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8233 – Rockaway E-Commerce/EC Investments/Bonak/Sully Systems)**

2017/EES/5/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8233. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8234 – Enel/CDP/Equity/Cassa Depositi e Prestiti/Enel Open Fiber/Metroweb
Italia)**

2017/EES/5/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ítölsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8234. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8275 – Sompo/Endurance)**

2017/EES/5/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32016M8275. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8319 – CEFICI/JSC Kazmunaigaz/Rompetrol France)**

2017/EES/5/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32016M8319. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. janúar 2017

2017/EES/5/17

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtið ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunavextirnir eru notaðir. Að því er afreikni-vextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er mælt fyrir um að sé ekki kveðið á um annað í sérstakri ákvörðun skuli endurkröfuvextir einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina.

Breytingar á vöxtum eru feitletraðar.

Fyrri tafla birtist í Stjtið. ESB C 372, 11.10.2016, bls. 5 og EES-viðbæti nr. 58, 20.10.2016, bls. 14.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2017	–	-0,07	-0,07	0,76	-0,07	0,45	-0,07	0,16	-0,07	-0,07

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.1.2017	–	-0,07	-0,07	-0,07	1,05	0,75	-0,07	-0,07	-0,07	-0,07

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2017	–	-0,07	-0,07	-0,07	1,83	-0,07	1,10	-0,36	-0,07	-0,07	0,78

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾

2017/EES/5/18

Auglýsing um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndum kolvatnsefnum, sem kennt er við „Courgenay“

Hinn 26. febrúar 2016 sótti fyrirtækið Société Pétrolière de Production & d'Exploitation SAS (ZA Pense Folie, 45220 Château-Renard, France) um einkaleyfi til fimm ára, „Courgenay-leyfið“, til hefðbundinnar olíu- og gasleitar í sýslunum Aube og Yonne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af beinum línunum sem tengja hornpunktana sem eru skilgreindir hér að neðan:

Hornpunktur	NTF núlllengdarbaugur sem liggur í gegnum París		RGF93 núlllengdarbaugur sem liggur í gegnum Greenwich	
	Austlæg lengd	Norðlæg breidd	Austlæg lengd	Norðlæg breidd
A	1,30 nýgr.	53,70 nýgr.	3°30'24"	48°19'48"
B	1,40 nýgr.	53,70 nýgr.	3°35'48"	48°19'48"
C	1,40 nýgr.	53,60 nýgr.	3°35'48"	48°14'24"
D	1,30 nýgr.	53,60 nýgr.	3°30'24"	48°14'24"

Svæðið sem skilgreint er hér að framan er um 66,88 km².

(¹) Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir full-nægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kunna að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (*Stjtið. ESB C 3, 6.1.2017, bls. 5*), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun náma-réttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi sem birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374, hinn 30. desember 1994, bls. 11*, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknir ber að senda til ráðuneytis umhverfismála, orku og sjávar á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst frönskum stjórnvöldum, þ.e. eigi síðar en 5. mars 2018.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á gr. L161-1 og gr. L161-2 í frönskum námálögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Unnt er að fá nánari upplýsingar á *Bureau Exploration-Production des Hydrocarbures* (skrifstofu rannsóknar og vinnslu á kolvatnsefnum) í ráðuneyti umhverfismála, orku og sjávar (Tour Séquoia, 1 place Carpeaux, 92800 Puteaux, France, sími: +33 140819527).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance:website: <http://www.legifrance.gouv.fr>

AUGLÝST EFTIR TILLÖGUM – EACEA/41/2016**2017/EES/5/19****samkvæmt áætluninni Erasmus+****Lykilaðgerð 3: Stuðningur við umbætur á stefnumálum – Framtaksverkefni um nýsköpun í stefnumótun****Evrópsk samstarfsverkefni sem horfa til framtíðar á sviði menntunar og þjálfunar****1. Lýsing, markmið og forgangsverkefni**

Samstarfsverkefni sem horfa til framtíðar eru samstarfsverkefni milli landa sem hafa að markmiði að auðkenna, prófa, móta eða meta nýstárlegar aðferðir á sviði stefnumótunar sem hafa alla burði til að verða almennar og leggja sitt af mörkum til að bæta mennta- og þjálfunarkerfi. Í þeim ætti að veita ítarlega þekkingu á markhópi eða markhópum, leggja fram ítarlega þekkingu á lærdómi, kennslu eða þjálfun og árangursríkar aðferðir og verkfæri til að efla stefnumótun, svo og að komast að niðurstöðum sem skipta máli fyrir stefnumarkandi aðila á sviði menntunar og þjálfunar á öllum stigum.

Helstu hagsmunaaðilar ættu því að hrinda í framkvæmd og leiða samstarfsverkefni sem horfa til framtíðar og skulu þeir hafa afburðagott orðspor og búa yfir nýjustu þekkingu, getu til nýsköpunar eða hafa kerfislæg áhrif fyrir tilstuðlan aðgerða sinna svo og getu til að koma í kring stefnumálum á sviði menntunar og þjálfunar.

Tillögur samkvæmt þessari auglýsingu ættu að samrýmast nýjum forgangsmálum innan evrópsks samstarfs fyrir árið 2015 *Sameiginleg skýrsla ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd stefnuramma fyrir evrópskt samstarf á sviði menntunar og þjálfunar (ET 2020)* ⁽¹⁾.

Sértæk markmið þessarar auglýsingar eru:

- að hrinda af stað langtímabreytingum og prófa á vettvangi nýstárlegar lausnir á brýnum úrlausnarefnum á sviði menntunar og þjálfunar sem hafa alla burði til að verða almennar og til að hafa sjálfbær og kerfisleg áhrif á mennta- og þjálfunarkerfi,
- að styðja við samstarfsverkefni milli landa og gagnkvæman lærdóm um málefni sem horfa til framtíðar meðal helstu hagsmunaaðila,
- að greiða fyrir söfnun og greiningu gagna til að færa rök fyrir nýstárlegum stefnumiðum og vinnubrögðum.

Í tillögum, sem eru lagðar fram samkvæmt þessari auglýsingu, verður að fjalla um fimm af eftirfarandi forgangsmálum:

- að fullorðið fólk með lágt menntunarstig afli sér grunnfærni,
- að stuðla að árangurstengdum aðferðum í starfsnámi,
- að stuðla að tækninýjungum á sviði náms- og starfsráðgjafar,
- að stuðla að fagmennsku meðal starfsfólks (sem starfar við menntun í skólum, þ.m.t. við menntun ungra barna og umönnun),
- að ná markmiðum endurnýjaðrar stefnu ESB um æðri menntun.

Tillögur, þar sem ekki er fjallað um einhver af fimm forgangsmálum auglýsingarinnar, verða ekki teknar til greina.

2. Hlutgengir umsækjendur

Hugtakið „umsækjendur“ vísar til allra samtaka og stofnana sem taka þátt í umsóknarferlinu, óháð því hvaða hlutverki þau gegna í verkefninu.

Hlutgengir umsækjendur eru opinber eða einkarekin samtök sem starfa á sviði menntunar og þjálfunar eða innan annarra greina, t.d. á sviði óformlegrar menntunar, þ.m.t. á sviði æskulýðsstarfs, aðrar félagshagfræðilegar greinar og/eða samtök sem annast starfsemi þvert á atvinnugreinar.

Umsækjendur, sem teljast hlutgengir til að svara þessari auglýsingu, eru:

- opinber yfirvöld á lands-/svæðis-/staðarvísu sem eru ábyrg fyrir stefnumótun á sviði menntunar og þjálfunar,
- stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni (NGO), einkareknar eða opinberar,
- rannsóknamiðstöðvar,
- skólar eða aðrar menntastofnanir,
- æðri menntastofnanir,
- verslunarráð,
- tengslanet hagsmunaaðila,
- viðurkenningarmiðstöðvar,
- mats-/gæðatryggingastofnanir,
- viðskiptastofnanir og vinnuveitendur,
- verkalýðsfélög og samtök starfsmanna,
- þjónusta varðandi náms- og starfsráðgjöf,
- borgaraleg samtök og menningarstofnanir,
- fyrirtæki,
- alþjóðastofnanir.

Einungis verður tekið við umsóknum frá lögaðilum í eftirtöldum löndum sem eru aðilar að áætluninni:

- hinum 28 aðildarríkjum Evrópusambandsins,
- EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES: Íslandi, Liechtenstein og Noregi,
- löndum sem hafa sótt um aðild að ESB: Makedónía, fyrrverandi lýðveldi í Júgóslavíu og Tyrkland.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 417, 15.12.2015, bls. 25.

Lágmarkskrafa varðandi samsetningu samstarfsaðila fyrir þessa auglýsingu eru þrjú samtök sem eru fulltrúar þriggja landa sem eiga aðild að áætluninni.

3. Hlutgeng starfsemi og lengd verkefna

Starfsemin verður að hefjast 1. nóvember 2017, 1. desember 2017 eða 1. janúar 2018.

Verkefnin verða að standa yfir í 24 til 36 mánuði. Komi í ljós að styrkþegar geti ekki, eftir að samningur hefur verið undirritaður og verkefnið er hafið, lokið verkefninu af fullkomlega gildum ástæðum innan tilskilins tíma, er heimilt að framlengja hlutgengistímabilið. Veittur verður sex mánaða viðbótarfrestur að hámarki, ef óskað er eftir honum, fyrir lokafrestinn sem tilgreindur er í styrksamningnum.

Starfsemi sem verður fjármögnuð samkvæmt þessari auglýsingu getur falið í sér eftirfarandi (ekki tæmandi listi):

- greiningar, athuganir, kortlagningu,
- rannsóknarstarf,
- þjálfun,
- drög að skýrslum, verkefnum, niðurstöðum, tilmælum um stefnu,
- vinnufundi,
- ráðstefnur/málþing
- prófanir og mat á nýstárlegum aðferðum á grasrótastigi,
- aðgerðir um vitundarvakningu og útbreiðslu hennar,
- aðgerðir í því skyni að skapa og bæta tengslanet, skipti á góðum vinnubrögðum,
- þróun upplýsingatæknibúnaðar (hugbúnaðar, verkvanga, smáforrita o.s.frv.) eða námsúræða,
- þróun annars vitsmunalegs efnis.

4. Viðmið við úthlutun

Styrkhæfar umsóknir verða metnar á grunni viðmiða við útilokun, val og úthlutun ⁽²⁾.

Úthlutunarviðmiðin eru eftirfarandi:

1. Mikilvægi verkefnis (30%).
2. Gæði mótunar og framkvæmdar verkefnis (30%).
3. Gæði samvinnu- og samstarfsfyrirkomulags (20%).
4. Áhrif á stefnumótun og útbreiðslu hennar (20%).

Aðeins tillögur þar sem lágmarksmörk um gæði hafa verið uppfyllt:

- a.m.k. 50% neðri mörk fyrir hvert viðmið (þ.e. að lágmarki 15 punktar fyrir „Mikilvægi verkefnis“ og „Gæði mótunar og framkvæmdar verkefnis“; 10 punktar fyrir „Gæði samvinnu- og samstarfsfyrirkomulags“ og „Áhrif á stefnumótun og útbreiðslu hennar“) og
- a.m.k. 70% efri mörk fyrir heildarpunktafjölda (þ.e. samanlagður punktafjöldi fjögurra úthlutunarviðmiða).

verða teknar til greina í tengslum við fjárveitingu frá ESB. Umsóknum, sem eru undir þessum mörkum, skal hafnað.

5. Fjárveiting

Heildarfjárveiting vegna sameiginlegrar fjármögnunar verkefna í tengslum við þessa auglýsingu nemur 8 000 000 evra.

Fjárframlag Evrópusambandsins getur ekki verið hærra en 75% af styrkhæfum heildarkostnaði verkefnis. Hámarksstyrkur fyrir einstakt verkefni er 500 000 evrur.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

⁽²⁾ Sjá 7., 8. og 9. lið í „Leiðbeiningum fyrir umsækjendur“.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast eigi síðar en **kl. 12 á hádegi (að Brussel-tíma) hinn 14. mars 2017**.

Umsækjendur eru beðnir um að lesa vandlega allar upplýsingar um auglýsinguna eftir tillögum, umsóknarferlið og að nota skjölin, sem eru hluti af umsókninni, á eftirfarandi vefslóð: https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/forward-looking-cooperation-projects-2017-eacea412016_en

Umsóknareyðublöð er að finna á Internetinu á eftirfarandi slóð: <https://eacea.ec.europa.eu/PPMT/>

Öll umsóknareyðublöð verður að senda rafrænt á réttu rafrænu eyðublaði, rétt útfylltu og með öllum upplýsingum sem skipta máli, ásamt fylgiskjölum.

Umsóknir sem hafa ekki að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar og sem eru ekki sendar rafrænt áður en umsóknarfrestur rennur út verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er að finna í „Leiðbeiningum fyrir umsækjendur“.

„Leiðbeiningar fyrir umsækjendur“, ásamt umsóknareyðublöðum, eru birt á eftirfarandi vefslóð: https://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/forward-looking-cooperation-projects-2017-eacea412016_en

Netfang: EACEA-Policy-Support@ec.europa.eu